

Mánudaginn 13. marzmánaðar.

Nr. 28/1904:

Réttvísing

gegn

Oddrúnu Sigurðardóttur.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu uppkveðnum 22. ágústmán. f. á. var hin ákærða, vinnukona eða lausakona Oddrún Sigurðardóttir, dæmd fyrir rangar sakargiftir samkvæmt 227. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, til að sæta 8 mánaða betrunarhúsvinnu og til að greiða allan af málinu gegn henni löglega leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í héraði 10 kr. En þessum dómi hefir eftir ósk ákærðu og af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Árið 1901 um miðjan janúarmánuð var stolið peningakassa Seyðisfjarðarkaupstaðar úr púlti á skrifstofu bæjarfógetans með rúmum 700 kr. í, og varð ekkert uppvíst um, hver væri valdur að þeim þjófnaði, en mánuði síðar en þjófnaðurinn var framinn fanst skúffa úr peningakassanum undir brú yfir skurð einn, er lá niður í Fjarðará

Rúmum 2 árum síðar lét ákærða bæjarfógetann á Seyðisfirði vita, að hún myndi geta gefið mikilvægar upplýsingar viðvíkjandi þjófnaðinum á peningakassanum, en bæjarfógeti virðist ekki hafa lagt neinn trúnað á þessa sögusögn hennar og inti hana því ekki frekara eftir málinu. En nokkru síðar, 28. maí, lét ákærða semja skriflega skýrslu um það, er hún þóttist hafa orðið áskynja um snertandi peningaþjófnaðinn og skrifaði undir þá skýrslu með vottum. Innihald skýrslu

Þessarar var það, að ákærða þóttist hafa verið sjónarvottur að því, skömmu eftir að peningakassinn hvarf, veturinn 1901, að 2 nafngreindir menn á Seyðisfirði, annar þeirra bæjargjaldkerinn sjálfur, fálu skúffuna úr peningakassanum undir fyrumgetinni brú, og hafa heyrt samtál þeirra hér að lútandi, sem einnig var tilgreint í skýrslunni orði til orðs. Bæjarfógeta var sýnd skýrsla þessi nokkru eftir að hún var skráð, og lét hann þá ákærðu koma til sín og spurði hana ítarlega út af henni, án þess þó að setja rétt, og fór með henni á staðina, þar sem hún kvaðst hafa verið stödd, er hún sá og heyrði til manna, sem skúffuna áttu að hafa falið; en reyndin varð þá sú, að fjarlægðin milli staðanna, er ákærða og mennirnir áttu að hafa verið á, var svo mikil, að ákærða gat ekki heyrt mannamál í þeirri fjarlægð, og sumpart bar leiti á milli staðanna, svo að ákærða gat heldur ekki hafa séð til manna, eins og skýrslan greindi. Þessi rannsókn bæjarfógeta varð til þess, að hann vildi eigi gjöra neitt frekara út af skýrslunni og lét málið því afskiftalaust, enda áleit hann, að ákærða væri eigi heil á geðsmunum.

En nokkru síðar kærði ákærða til amtmanns yfir því, að sögusögn hennar í skýrslunni væri eigi rannsókuð, og skipaði þá amtmaður, að fyrirlagi landshöfðingja, rannsókn á málnu, og var sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu skipaður setudómari í því, með því að annar manna þeirra, er dróttað var að hlutdeild í kassapjófnadönnum með skýrslunni (bæjargjaldkerinn), var skrifari hins reglulega bæjarfógeta.

Þegar rannsókn var hafin gagnvart þessu kom ekkert fram, er stýddi frásögn ákærðu í skýrslunni. Aftur

á móti vék nú ákærða í ýmsum mikilvægum atriðum frá því, er í skýrslu hennar var skráð, sérstaklega um staðina, er hún var á, er hún átti að hafa heyrt til manna. Framburður ákærðu kom og í bága við framburð annara vitna, er leidd voru, en þetta og fleiri atvik leiddu til þess, að grunur vaknaði um, að sögu-sögn ákærðu í skýrslu hennar væri uppspuni einn og ósannindi, og var þá rannsókninni snúið á hendur ákærðu sjálfri fyrir grun um að hafa borið rangar sakargiftir á menn þá, er hún þóttist hafa séð fela peningaskúffuna, eða um rangan framburð fyrir rétti. Við hina frekari rannsókn málsins hefir það komið í ljós, að skýrsla ákærðu getur eigi verið rétt í ýmsum helztu atriðum hennar, og öðrum atriðum hefir hún sjálf breytt og vikið við öðru hvoru og orðið þá oft margsaga. Það er og sannað, að ákærða vildi bendla annan mann en þá, er skýrsla hennar nú nefnir, við kassapjófnaðinn, nokkru eftir að hún á að hafa orðið þess áskynja, er í skýrslu hennar getur, og að hún þá nefndi eigi menn þá sem riðna við þjófnaðinn, er hún í skýrslu sinni þykist hafa staðið að hlutdeild í honum. Ákærða hefir þó borið á móti því, að hún hafi áður nefnt nokkurn annan sekan í þjófnaðinum en þessa menn, og hún hefir stöðugt viljað halda því fram, að skýrsla hennar væri sönn.

Í málinu hafa komið fram efasemdir um það, að ákærða myndi vera heil á geðsmunum, og hefir bæjarfógetinn á Seyðisfirði, er fyrst hafði afskifti af málinu, álitid, að hún væri það eigi. Setudómarinn hefir og öðru hvoru efast um, að ákærða væri heil á sönsum, en hlutaðeigandi héraðslæknir hefir látið í ljósi gagnstætt

álit, en hefir reyndar tekið það jafnframt fram, að hann vanti sérfræðilega þekking til að kveða upp endilegan úrskurð í því efni.

Yfirdómnum hefir því þótt nauðsynlegt að rannsókn á sálarástandi ákærðu fram færi hér í Reykjavík, þar sem ákærða nú dvelur, og hefir hún um tíma verið að tilhlutun yfirdómsins athuguð af héraðslækninum hér í bænum, og hefir hann í skjali, dags. 13. f. m., látið í ljósi það álit sitt, sem hann byggir á ætterni ákærðu og öðrum skýrslum frá uppvaxtarárum hennar, svo og á framkomu hennar í þessu máli og viðtali við hana, að hún sé veikluð á geðsmunum (af meðfæddri imbecillitas), og telur hann allar líkur til þess, að ákærða muni ekki hafa borið fram móti betri vitund hinn ósanna áburð, sem hún hefir verið dæmd fyrir, heldur muni hún sjálf hafa trúað því, að það hafi fyrir hana borið, sem í skýrslu hennar stendur.

Það verður nú að vísu að álíta, að áburður ákærðu í skýrslu hennar á fyrnefnda 2 menn á Seyðisfirði um hlutdeild í umgetnum peningapjófnaði hafi með framförnum prófum reynst ósannur að öllu leyti, en þar sem öll rannsókn málsins hnígur að því, að hún sakir geðveiklunar hafi trúað á sannleik skýrslu sinnar og sögusagnar, og að hún þannig hafi eigi borið fram sakargiftir sínar gegn betri vitund, þá verður henni eigi hegnt fyrir brot samkvæmt 226.—228. gr. hegningarlaganna, en fyrir það brot eitt er mál þetta höfðað gegn henni.

Það ber samkvæmt þessu að sýkna ákærðu af ákæru sækjandans í þessu máli, og ber að greiða sakarkostnaðinn allan, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, af almannafé,

þar með talin málflutningslaun verjanda ákærðu í héraði 10 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Að því er rekstur málsins snertir, er það aðfinningarvert, þó að það hafi eftir atvikum eigi verið álitid rétt að láta það varða ónýting málsins, að setudómarinn, sem er sýslumaður í Suður-Múlasýslu, hefir farið með málið að miklu leyti og dæmt það í Suður-Múlasýslu, þótt hann væri skipaður til að fara með málið og dæma það sem setudómari í Norður-Múlasýslu, þar sem einnig varnarþing ákærðu var. Það er einnig aðfinningarvert, að setudómarinn hefir eigi látið fylgja skjölum málsins kærubréf hinnar ákærðu til amtsins, þar sem hún krafðist rannsóknar út af skýrslu sinni, því að á þessu kærubréfi hefði sekt ákærðu aðallega orðið að byggjast.

Það vottast, að málflutningur fyrir yfirdómi hefir verið lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Oddrún Sigurðardóttir á að vera sýkn af ákæru sækjandans í máli þessu. Allur sakarkostnaðurinn bæði í héraði og fyrir yfirdómi greiðist af almannafé. Þar með talin varnarlaun í héraði til Stefáns póstafréiðslumanns Stefánssonar, 10 krónur, og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Páls Vídalín Bjarnasonar, 15 krónur til hvors þeirra.